



Fundur í stjórn Þekkingarsetursins á Blönduósi 15.01.2013. kl. 16:00.

Fundinn sátu: Arnar Þór Sævarsson, Þóra Sverrisdóttir, Elín Sigurðardóttir, Hörður Ríkharðsson, Jóhanna Halldórsdóttir, Valgarður Hilmarsson auk framkvæmdastjóra Katharinu Schneider.

Dagskrá:

- 1) Málefni stjórnar
- 2) Starfsáætlun 2013
- 3) Önnur mál

Arnar setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Lagt var til að laun stjórnarmanna fyrir hvern fund væru kr. 10.000 en laun formanns væru kr. 15.000. Var það samþykkt. Rætt var um myndun framkvæmdastjórnar og kom fram tillaga að framkvæmdastjórn yrði skipuð Valgarði, Þóru og Arnari og var sú ráðstöfun samþykkt. Lögð var áhersla á þess yrði gætt að upplýsingastreymi yrði mikið til annarra stjórnarmanna í gegnum tölvupóst.
2. Skila þarf starfsáætlun 2013 til ráðuneytisins 31. janúar nk.
Fram kom að starfsemi á sviði Strandmenningarrannsókna og fiskirannsókna er í föstum skorðum. Búið er að forvinna hugmynd að þarfagreiningu vegna menntunar á Norðurlandi vestra. Viðamikið og áhugavert verkefni sem starfsmönnum var falið að vinna frekar og kanna áhuga stofnana og sveitarfélaga á svæðinu á þátttöku. Samþykkt að verja allt að einni milljón króna til verksins, þyki það vænlegt á annað borð.
Kynnt var að flutningur námsvers biði sumars. Rætt var mikið um starfsemi á sviði gestamóttöku, þar á meðal residency vegna textílstarfsemi af ýmsu tagi. Rætt var um samstarf aðila, verkaskiptingu og áherslur, sem eru ólíkar. Framkvæmdastjóra falið að vinna frekar að hugmyndum um kostnaðarþátttöku vegna samstarfs við Heimilisiðnaðarsafnið og með hvaða hætti sé að hægt að haga samstarfi stofnana og móttöku gesta þannig að allir hafi hag af því og sómi sé að. Áhersla lögð á að gisting sé ætluð vegna vísinda og fræðastarfa en ekki skemmtiferðalaga né afþreyingar.
3. Fram eru komnar hugmyndir um sameinigu Hafissetur og Laxaseturs. Rætt var um Sóknaráætlun landshluta en Gunnar Tryggvi er með það mál á sinni könnu. Farið var yfir ýmis smærri verkefni sem starfsmenn hafa á sinni könnu. Vinna vegna húsaleigusamnings stendur enn yfir. Rammasamningur Veiðimálastofnunar og Þekkingarsetur er í vinnslu.

Fleira ekki gert, fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið.

Fundargerð ritaði Hörður Ríkharðsson.